

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



Dags eftirlits	9.11.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Helguvík	Fulltrúi UST	
Heimili	Stakksbraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjolsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Eyrún Guðmundsdóttir	Staðsetning	326111,902 396024,62

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávik þar sem að TVN gildi í hráefni og ryk í útblæstri mældist yfir starfsleyfismörkum og útstreymisbókhalda hefur ekki verið skilað.

Tvær athugasemdir eru jafnframt gerðar við starfsemina. Annars vegar að úrbótaáætlun vegna eldra fráviks er varðar frárennsli frá verksmiðjunni hefur tafist. Ástæður tafanna er seinkunn á framkvæmdum Reykjaneshafnar við höfnina. Undanþága vegna þess fráviks rennur út 31. desember 2015 en rekstraraðili hefur óskað eftir framlengu á undanþágunni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hin athugasemdin er vegna kvartana sem hafa borist stofnuninni er varða lyktarmengun frá verksmiðjunni. Minnt er á ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi þar sem fjallað er um að taka skuli tillit til veðuraðstæðna og forðast vinnslu ef hráefni uppfyllir ekki kröfur um gæði.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir gagnaskil skv starfsleyfi.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var endurskoðuð á síðasta ári. Hreinlætisáætlun er í gæðahandbók og vottuð af FEMAS. Í henni er fjallað um dagleg þrif sem og þrif í lok hverrar vinnslu. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda er í gæðahandbók og hefur nýlega verið uppfærð. Grænu bókhalda er skilað sameiginlega með öðrum starfstöðvum Síldarvinnslunnar. Útstreymisbókhalda hefur ekki verið skilað í ár.

Þá var farið yfir skráningar samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi.

Engar stórvægilegar bilanir hafa orðið frá síðasta eftirliti. Haldað er utan um viðhald í viðhaldsskráningakerfi. Unnið er að úrbótum við eldri fitugildru þar sem að vatnsloki lokar ekki nægilega vel. Hringrás tekur við úrgangi frá verksmiðjunni. Öll efni til framleiðslunnar s.s. rotvarnarefni og hreinsiefni eru keypt á innlendum markaði. Minnt var á að uppfæra þarf merkingar hættulegra efna og öryggisblöð í samræmi við reglugerð 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna ásamt síðari reglugerðarbreytingum. Í gæðahandbók er haldið utan um öryggisblöð fyrir hættuleg efni, skráningar á framkvæmd hreinlætisáætlunar og kvittanir fyrir móttöku úrgangs og spilliefna.

Farið var yfir eftirlitsmælingar skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Rætt var um að framvegis verði TVN skráningum skilað til Umhverfisstofnunar í lok hverrar vertíðar. Mælingar í október fóru yfir starfsleyfismörk en ekki var tilkynnt um það til Umhverfisstofnunar eins og starfsleyfið kveður á um.

Útblástursmælingar voru gerðar í mars 2015 en í þeim mældist ryk yfir starfsleyfismörkum. Hávaðamælingar voru einnig gerðar í mars og mældist hljóðstig undir starfsleyfismörkum. Frárennismælingar frá mars 2015 voru afhentar í eftirlitinu. Niðurstöður þeirra eru undir starfsleyfismörkum fyrir COD, svifefni og fitu.

Tímabundin undanþága vegna frárennslis frá verksmiðjunni gildir til 31. desember 2015.

Staða framkvæmda við endurbætur á frárennsli. Eitt af skilyrðum undanþágunnar er að Umhverfisstofnun sé upplýst um framgang mála í stöðuskýrslum sem senda á stofnuninni á 6 mánaða fresti. Síðasta stöðuskýrsla var send Umhverfisstofnun í 30. september 2015. Framkvæmdir voru ekki hafnar þegar eftirlitið fór fram. Síldarvinnslan hefur átt fund með UAR og lagt fram beiðni um framlengingu á undanþágu frá starfsleyfi vegna seinkunnar á framkvæmdum.

Umhverfisstofnun hafði í þrjúgang borist kvörtun vegna lyktar frá verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram. Tvær þeirra bárust í lok ágúst þar sem talað var um vonda lykt frá verksmiðjunni væri algeng en ekki tímasett nánar. Ein kvörtun kom fram í lok júlí og sýna TVN skráningar að þær voru undir starfsleyfismörkum á þeim tíma. Rætt var um aðgerðir til varnar lyktarmengun.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna en vinnslu var lokið þegar eftirlitið fór fram og unnið að þrifum og viðhaldi. Rætt var um frágang lóðarinnar og skoðaðar aðstæður við nýju frárennislögnina.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

frávik frá grein 2.9 í starfsleyfi

Ryk mælist yfir starfsleyfismörkum í mælingum frá mars 2015. Mæld gildi eru 268,9 mg/Nm³ frá þurrkara 1, 245,0 mg/Nm³ frá þurrkara II og 566 frá svartolíukatli. Starfsleyfismörkin eru 100 mg/Nm³.

Grein 2.2 í starfsleyfi

Skráningar sýna að TVN gildi í hráefni mældust yfir starfsleyfismörkum nokkra daga í október sl. Þann 13. október mældust gildin 117,6 TVN mg/100g, þann 14. október mældust þau 124,6 TVN mg/100g og þann 20. október mældust þau 105,0 TVN mg/100g. Mörk í starfsleyfi eru 100 TVN mg/100g. Ekki var tilkynnt um þessi tilvik til Umhverfisstofnunar.

Grein 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2014 en samkvæmt starfsleyfi á að skila því fyrir 1.maí ár hvert.

ATHUGASEMDIR

Úrbætur á frárennsli frá verksmiðjunni hafa tafist vegna seinkunnar á hafnarframkvæmdum hjá Reykjaneshöfn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við tengingu nýrrar frárennislagnar við frárennsli Síldarvinnslunnar verði lokið í ágúst 2017. Rekstraraðili hefur sótt um framlengingu á undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna þessa.

Á meðan skýrslugerðinni stóð bærust tvær kvartanir vegna lyktarmengunar frá verksmiðjunni. Í því samhengi minnir stofnunin á ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi þar sem að taka skal tillit til veðuraðstæðna, s.s. vindstyrks og vindáttar og forðast vinnslu ef hráefni uppfyllir ekki kröfur um gæði. Jafnframt skal tilkynna um slík tilvik til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2016


Halla Einarsdóttir